



---

*Stjórnarfundur FÍSOS 14. janúar 2021, kl. 11:00 – 13:00*

---

Fundur á Teams

Mætt: Sigríður Þorgeirsdóttir, Ingibjörg Áskelsdóttir, Aníta Elefsen, Þóra Sigurbjörnsdóttir, Gunnþóra Halldórsdóttir, Hjörtur Þorbjörnsson, Jón Allansson, Guðný Dóra Gestsdóttir (ICOM), Hjördís Pálsdóttir (farskólastjóri).

Safnadagurinn og íslensku safnaverðlaunin, Guðný Dóra:

- Valnefnd fyrir íslensku safnaverðlaunin. Tveir tilnefndir af FÍSOS, tveir af ICOM, og einn af síðasta vinningshafa. Því er haldið leyndu hver er í nefndinni. Skipa þarf nefndina fyrir vorið 2021.
- Gátlisti, hvaða félag gerir hvað?
- Hækka peningaverðlaunin næst?
- ICOM hefur séð um að prenta viðurkenningaskjölin. Breyta viðburðinum þannig að öllu safnafólki sé boðið, ekki bara útvaldir.
- Menntamálaráðherra var boði síðast. Gefa ráðherra hlutverk í verðlaununum?
- Kynningamál um safnadaginn: félögin hafa verið saman um hana.
- Verðlaunin eru afhent 18. maí.
- Ef nefndarmaður er starfandi á tilnefndu safni, er honum skipt út. Einn fundur með formönnum félaganna eftir það er nefndin sjálfstæð. Þjóðminjasafnið skipar formann fyrir lok apríl, Aníta hefur samband við Margréti. Guðný Dóra sendir okkur þau skjöl sem voru notuð síðast.
- Stjórninni líst vel á að hafa viðburðinn opinn öllu safnafólki. Tengiliðir okkar inn í ráðuneytinu komi líka á afhendinguna.
- Hafa fleiri verðlaun/viðurkenningar? Hvatningarverðlaun? Bjartsýninsverðlaun? Ef nefndinni finnst ástæða til, þá að vera með aukaverðlaun.
- Hlutverk ráðherra að afhenda aukaverðlaunin?
- Þema safndagsins í ár kemur frá ICOM – ekki komið.

Safnaráð:

- Fræðsla og fagtengdir viðburðir, FÍSOS, ICOM og Safnaráð. Safnaráð mun taka tillöguna til athugunnar á næsta fundi með nýju safnaráði.
- Ekki búið að birta þá sem skipaðir voru í nýtt Safnaráð.

Hamfarir og viðbrögð:

- Blái skjöldurinn – hvert er þeirra hlutverk? Ekki sést út á við í tengingu við aurskriðuna á Seyðisfirði.
- Skilgreina hver hefur hvaða hlutverk þegar hamfarir eiga sér stað.
- Málþing – um hlutverk Bláa Skjaldaris og annarra félagasamtaka um viðbrögð við vá?

Kvistur:



- Tengiliður FÍSOS er Þóra Sigurbjörnsdóttir. Rætt frekar á næsta fundi.

Farskóli á Stykkishólmi 2021:

- Dagsetning: 13.-15. október.
- Þarf að auglýsa dagsetninguna sem og hvaða gisting er í boði.
- Engin farskólanefnd verið skipuð, Hjördís Pálsdóttir, farskólastjóri, leitar eftir heppilegum meðstjórnendum.
- Farskólastjóri ákveður þema eða þemu, leitar til stjórnar ef þörf er á.

Fundi slitið kl. 13.00

Ingibjörg Áskelsdóttir

ritari